

Lestrarkennsla og læsi í víðum skilningi með fjölbreyttum kennsluháttum

Lokaskýrsla Melaskóla til Sprotasjóðs
fyrir styrkveitingu skólaár 2010-2012

Nafn skóla: Melaskóli

Nafn verkefnisins: Lestrarkennsla og læsi í víðum skilningi með fjölbreyttum kennsluháttum

Nafn verkefnisstjóra: Helga Jóna Pálmadóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn er að marka heildarstefnu Melaskóla um læsi með heildstæðri aðferðafræði sem samræmist stefnu skólans og hugsanlega aðrir skólar geti nýtt sér.

Að kennarar geri sér betur grein fyrir mikilvægi læsis í víðum skilningi.

Að virkja foreldra og gera þeim grein fyrir mikilvægu hlutverki sínu í lestrarnámi barna sinna.

Að efla læsi nemenda með því að vekja áhuga og hvetja þá til að afla sér upplýsinga á mismunandi hátt, efla lestrarfærni og getu til að túlka og yfirfæra.

Að koma til móts við ólíka nemendur með því að gefa þeim tækifæri til að lesa í umhverfi og aðstæður á fjölbreytilegan hátt (samfélag, svipbrigði, látbragð, orð, tákn, myndir o.fl.)

Að auka möguleika á því að námið í skólanum nýtist nemendum í daglegu lífi utan skólans.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Allir kennarar Melaskóla tóku þátt í þessu verkefni. Stýrihópur ásamt verkefnisstjóra lagði á ráðin í upphafi og hefur haldið utan um skipulag og framkvæmd verkefnisins.

Á vorönn 2010 hófst undirbúningsvinna með því að kennarar skólans unnu í mismunandi hópum og teyimum að því að skilgreina læsi. Hópurinn hlýddi einnig á áhugaverða fyrirlestra sem kostaðir voru m.a. af peningum verkefnisins. Sem dæmi má nefna fyrirlestur um aðferðir og áherslur sem skila árangri í lestrarkennslu (GEB), um *Byrjendalæsi* (GEB), um kennsluhugmyndir *Orðs af orði* (GE), um stuðnings- og kennslukerfið *Leið til læsis* (ST og HS), um að auka orðaforða gegnum leiklist (ÁHR og RBP), um umhverfisvitund, sjálfbærni og læsi (MS), um stærðfræði og læsi (KS og MÁ), um stærðfræði og hugsmíðahyggju (JV). Allur kennarahópurinn fór í vettvangsferð í Hólavallagarð sem er grenndarskógur Melaskóla og naut fræðslu um sögu, náttúru og umhverfi garðsins. Þessi heimsókn var bæði áhugaverð og skemmtileg og jók gildi verkefnisins í hugum margra.

Vinnan fólst síðan annars vegar í því að skilgreina læsi í víðum skilningi innan sérhvarrar námsgreinar, samþætta í heildstæð verkefni og tengja læsið nánasta umhverfi skólans. Hins vegar var lestrarkennslan (lestrarkennsluáðferðir, lesskilningskennsla, ritunarkennsla, lestrarfærni, viðmið og mat) rýnd af hópi umsjónarkennara og sérkennara. Markmiðið var að fá heildarmynd og draga saman þessa þræði í heildstæða stefnu um læsi. Til að halda verkefninu innan viðráðanlegra marka var ákveðið að merkja á skóladagatal sérstaklega umhverfisfisdaga, þemadaga og aðra daga sem auðveldlega má tengja viðfangsefnum og læsi í kennslu.

Að loknum undirbúningstíma hófst verkefnavinnan formlega á Degi læsis 8. september 2010 með umræðum kennara og nemenda/bekkja um læsi og þýðingu þess fyrir mannkynið. Síðan hófust kennarar handa við að framkvæma, þróa, meta og endurbæta þau verkefni sem búið var að ákveða að vinna.

Kennarar kynntu foreldrum verkefnið á árlegum hópfundi í september og lögðu áherslu á gott samstarf og mikilvægi þess að taka virkan og jákvæðan þátt í lestrarnámi barnanna. Foreldrar voru hvattir til að lesa mikið fyrir börnin sín og ræða um innihald textans, vera þeim góð fyrirmynd með því að fara saman á bókasöfn og í bókabúðir. Skólasafnið hefur verið opið lengur einn dag í viku til þess að foreldrar geti litið við þegar þeir sækja börn sín, valið bók með barninu og fengið ráðleggingar um heppilegar bækur. Lestrarkennsluaðferðir voru endurskoðaðar, m.a. kynntu kennarar í byrjendakennslu sér nánar hugmyndafræði stuðnings- og kennslukerfisins *Leið til læsis*. Á síðara árinu tileinkuðu kennarar 1. bekkja sér *Byrjendalæsi* og hefur þetta frumkvæði aukið fjölbreytni kennsluhátta og stuðlað að bættum árangri nemenda í lestri.

Viðmið um lesin atkvæði á mínútu hafa verið endurskoðuð og einnig viðmið um lesskilning sem fæst m.a. úr niðurstöðum staðlaðra lesskimunarprófa.

Skólasafnið hefur bryddað upp á margvíslegri nýbreytni með safnakennslu og umfjöllun um bækur og höfunda. Það gegnir veigamiklu hlutverki við að vekja áhuga barna á lestri, leiðbeina þeim við bókaval og lestur fagbóka og stuðla að því að þau læri að njóta þess að lesa sér til ánægju ýmist í föstum tímum eða hringekjuformi.

Endurmenntun kennara hefur að mestu leyti verið helguð þessu verkefni og hafa kennarar safnað sér fróðleik frá ýmis konar námskeiðum og fræðslu, bæði utan skólans og innan svo sem jafningjafræðslu, ráðstefnum og málþingum. Sérgreinakennarar ásamt stýrihópi hafa unnið náið saman að skipulagningu þemadaga um umhverfislæsi í nánasta umhverfi skólans og sótt efni við í grenndarskóginn. Síðar kom í ljós að upphaflegar hugmyndir verkefnisins um samþættingu námsgreina og þemavinnu sem urðu að heildstæðum verkefnum samræmdust vel grunnþáttum menntunar í nýrri aðalnámskrá. Lestrarstefna Melaskóla hefur verið í mótun og er það enn.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefni er heldur viðameira en áætlað var. Framkvæmd og mat einstakra hluta verkefnisins hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir og sum markmið er erfitt að meta eins og t.d. lestraráhuga. Heildstæð lestrarstefna fyrir skólann er enn í mótun og verður ekki gefin út að svo stöddu m.a. vegna þess að grunnskólarnir í vesturbæ Reykjavíkur hafa ákveðið að taka höndum saman um að vinna að sameiginlegri lestrarstefnu fyrir grunnskóla hverfisins. Kennarar á yngri stigi eru að innleiða kennsluaðferðir *Byrjendalæsis* og til stendur að kennarar á miðstigi fái að kynnast betur verkefninu *Orð af orði*. Einnig á eftir að koma betur í ljós hvernig gengur að samræma kennslukerfið *Leið til læsis* og fyrrgreindar aðferðir.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Ýmis konar skipulag og ytri aðstæður hafa hægt á framkvæmdum. Tölvukostur skólans setur skorður um aðgengi allra nemenda að upplýsingum og gerir alla framkvæmd vinnunnar hæga. Tími kennara í daglegu amstri er þéttskipaður. Það getur verið langt og krefjandi ferli að endurskoða eigin kennsluaðferðir og

komast að samkomulagi um þróun nýrra leiða. Umfang þess að samþætta námsgreinar, fylgja eftir því sem ákveðið er að gera, fullvinna verkefni og meta útkomuna reyndist meira en gert var ráð fyrir. Framkvæmd verður engu að síður haldið áfram.

□ Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningur af verkefninu er að skapast hefur fagleg og góð umræða innan skólans sem eflaust á eftir að skila sér í áframhaldandi jákvæðri skólaþróun. Telja má víst að verkefnið hafi markað upphaf að nánara samstarfi kennarahópa með breiða faglega þekkingu sem vilja stuðla að fjölbreyttu og jákvæðu námsumhverfi. Einnig má segja að óvæntir utanaðkomandi þættir hafi unnið með verkefninu svo sem tilkoma skimunarprófa fyrir 1.-4. bekk sem eru hluti lestrarkennsluefnisins “*Leið til læsis*” og nýtt lesskilningspróf, *Orðarín* fyrir 3.-7. bekk.

Endurskoðun á kennsluháttum hefur átt sér stað með áherslu á aukna fjölbreytni. Samþætting námsgreina sem leiðir til heildstæðari verkefna og læsis hefur aukist, t.d. tengjast umhverfisvitund, heilbrigði og sköpun inn í mörg viðfangsefni. Umfjöllun um grunnþættir menntunar í nýrri aðalnámskrá hefur haft áhrif á faglegan metnað og styrkt kennara í þessu verkefni og það kemur væntanlega til með að auðvelda aðlögun skólanámskrárinnar að nýrri menntastefnu. Umfjöllun um hæfniviðmið og grunnþætti menntunar stuðla að samþættingu námsgreina og læsis. Samstarf grunnskólanna í vesturbæ hefur aukist umtalsvert og myndaður hefur verið starfshópur úr öllum skólunum til að vinna að mótun sameiginlegrar lestrarstefnu fyrir grunnskólana í hverfinu.

□ Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Vinnan við verkefnið hefur skilað góðum árangri og hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið. Kennarar og nemendur fjalla um lestur og læsi á meðvitaðan hátt og nálgast viðfangsefnið með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Bæði formleg og óformleg umræða hefur átt sér stað innan skólans um samþættingu námsgreina, læsi, lestrarkennslu og lesskilning sem hefur skilað sér í þemaverkefnum sem reyna á túlkun nemenda og hæfni þeirra til að beita gagnrýninni hugsun og að yfirfæra þekkingu. Kennarar eru meðvitaðir um mikilvægi þess að kenna læsi með fjölbreyttum kennsluaðferðum og leitast um leið við að mynda gagnvirkt námssamfélag sem kemur til með að skila sér í aukinni lestrarfærni nemenda og hæfni til yfirfærslu. Þessa færni getur verið erfitt að meta með beinum hætti en hún kemur oft í ljós í umræðum nemenda og kennara í kennslustundum þar sem reynir á rökhugsun.

Tekist hefur að skapa jákvætt námsumhverfi í skólastofum og sérstaklega á bókasafni en bókasafnið hefur gegnt lykilhlutverki í þessu verkefni. Nemendur hafa verið jákvæðir og áhugasamir og gera má ráð fyrir að aukinn lestraráhugi skili sér áfram til lengri tíma litið. Huglægt mat gefur til kynna að foreldrar hafi flestir tekið hlutverk sitt alvarlega með virkri þátttöku og stuðningi í lestrarferlinu heima.

Niðurstöður verkefnisins

Segja má að flestum markmiðum verkefnisins hafi verið náð þó erfitt sé að mæla þau öll með beinum mælingum. Verkefnið hefur haft mjög jákvæð áhrif á skólastarfið í heild. Það hefur markað upphaf að faglegu samstarfi sérgreinakennara og umsjónarkennara við að samþætta námsgreinar og tengja saman í heildstæð verkefni. Unnið er að því að betrubæta og festa þessi verkefni í sessi. Umfjöllun um grunnþættir menntunar í nýrri aðalnámskrá hefur einnig styrkt þessa þróun.

Mótun lestrarstefnu hefur falið í sér endurskoðun á lestrarkennsluaðferðum og mati á lestri. Leitast hefur verið við að auka fjölbreytni við að ná til allra þátt sem stuðla að aukinni lestrarfærni. Sú vinna hefur einnig leitt til metnaðarfullrar umræðu innan skólans. Drög að skilgreiningu á lestrarfærni liggja fyrir og verða endurbætt nú á vordögum og í tengslum við nánari endurskoðun á námsmati.

Leið til læsis og Byrjendalæsi hafa styrkt lestrarkennsluna. Mikill fengur er að nýjum stöðluðum lesskilningsprófum fyrir 1-4. bekk og 3.-7. bekk en ekki er komin reynsla á þau. Lesskilningsprófið *Læsi* sem lagt er fyrir nemendur í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur hefur skilað betri niðurstöðum, einnig gefa niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk jákvæðan samanburð. Tekist hefur að skapa hvetjandi námsumhverfi í skólanum sem skilar sér í áhuga nemenda og jákvæðum foreldrum.

Áfram verður unnið að þróun heildstæðra verkefna og að fínþússa lestrarstefnu Melaskóla. Verið er að innleiða Byrjendalæsi í 1.-3. bekk og til stendur að fá verkefnið Orð af orði á miðstig næsta skólaár. Framundan er einnig vinna við mótun sameiginlegrar lestrarstefnu fyrir grunnskólana í vesturbæ Reykjavíkur.


Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Heildstæð verkefni í árgöngum eru kynnt, ýmist á heimasíðu skólans eða á foreldrakynningum í bekkjunum. Lestrarstefna skólans verður kynnt á heimasíðu skólans og fyrir foreldrum í skólabyrjun að hausti. Verkefnið verður kynnt á ráðstefnu um þróunarstarf í skólum í nóvember næstkomandi. Sameiginleg lestrarstefna fyrir skólana í vesturbæ verður kynnt þegar hún er tilbúin.

Dagsetning:

Reykjavík 18. maí 2012


Undirskrift verkefnisstjóra


Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla